


Skattalagabreytingar og skattframkvæmd – hvað er að fréttu?



1

Helstu skattalagabreytingar 2023



2


Af ýmsu í skattframkvæmd



1

Helstu skattalagabreytingar 2023





1

3,5% hækkun á krónutölusköttum

Tekur til áfengis-, tóbaks-, bensín-, olú-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjalds ásamt gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjaldi.

2

Losunargjald hækkar um rúm 14%

Sem lagt er á rekstraraðila starfsstöðva sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir.

3

Verðmætagjald sjókvíaeldis hækkar um 23%



Var 3,5% en verður 4,3% og tekur til rekstrarleyfishafa fiskeldisstöðva í sjó, en Fiskistofa átti að ákvarða og birta gjaldið 1. desember 2023 en mun gera það eftirleiðis.

4

Tekjuskattur helstu félaga hækkar tímabundið um 5%

Vegna gjaldársins 2025, þ.e. rekstrarársins 2024, og verður því 21% í stað 20% fyrir svo sem ehf. og hf., en tekjuskattur annarra lögaðila verður nú 38,4% eftir að hafa verið 37,6%.

Enn fleiri breytingar sem gerðar voru á sköttum og gjöldum



01 Gistináttaskattur: Innheimtur að nýju frá 1. janúar 2024. Skatturinn leggst á hverja selda gistináttaeiningu, en með gistináttaeiningu er átt við leigu á gistaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Skatturinn nemur 300 kr. í tilviki tjaldsvæða og stæða fyrir ferðavagna, 600 kr. í tilviki hótela og 1.000 kr. í tilviki skemmtiferðaskipa.


02 Niðurfelling VSK við kaup á umhverfisvænum bifreiðum: Féll úr gildi um síðustu áramót, en í staðinn getur komið til styrkveitinga úr Orkusjóði til kaupa á slíkum bílum. Slíkir styrkir teljast ekki til skattskyldra tekna hjá einstaklingum á árinu 2024.

03 Frestun skattlagningar söluhagnaðar vegna loka búrekstrar: Bændur geta frestað skattlagningu söluhagnaðar af landi bújarða vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota í tengslum við lok búrekstrar, í takt við skattframkvæmd. Þessi heimild er hins vegar nú óháð því hvort bændur hafi haft búrekstur á eigin kennitölu eða í félagi.

04 Kílómetragjald: Eigendur eða umráðamenn rafmagns- og vetnisbifreiða, í flokki fólks- og sendibifreiða, greiða kr. 6 fyrir hvern ekinn kílómetra, en eigendur tengiltvinnbifreiða í sömu stærðarflokkum kr. 2.

05 Breytingar vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ: Sérstök eftirgjöf vaxta og verðbóta nóvember 2023-janúar 2024 af skuldum einstaklinga vegna lána af íbúðarhúsnæði allt að 50 mkr. telst ekki til skattskyldra tekna. Ráðherra má ákveða lækkun eða niðurfellingu fyrirframgreiðslu gjaldenda upp í tekjuskatt vegna tekna ársins 2023 eða ákveða aðra gjalddaga. RSK er heimilt að fella niður álag á vangreiddan VSK vegna uppgjörstímabila 1.9.2023-31.12.2024. Launagreiðendur sem eiga við verulega rekstrarörðugleika er heimilt að sækja um frestun á allt að þremur greiðslum vegna staðgreiðslu til 15.4.2024 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Það er ekki bara löggjafinn sem breytir reglunum heldur líka RSK í skattmatinu



Gjafir og skemmtanir

- **Engin bankakort lengur:** Peningagjafir launagreiðanda til starfsmanna teljast alltaf til skattskyldra tekna viðtakanda, hvort sem gjöfin er í beinhörðum peningum, innleggi á banka-reikninga eða afhendingu á bankakorti.
- **Gjafir og skemmtanir teknar saman:** Hámarkskostnaður gjafa og skemmtana vinnuveitanda til starfsmanna má nema kr. 175.000 á hvern starfsmann yfir árið.
- **Gjafir eingöngu tengdar aldri:** Tækifærisgjafir eru nú skilgreindar sérstaklega, en svo var ekki áður, sem starfs- og stórafmæli í heilum tug.



Bifreiðahlunnindi


- **Alltaf full not:** Bifreiðahlunnindi eigenda fyrirtækja, framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og annarra í sambærilegum stöðum ber ætíð að reikna miðað við full og ótakmörkuð afnot þeirra fyrir þau tímabil þegar þeir hafa umráð yfir bifreiðum launagreiðenda til einkanota, **hvort sem um er að ræða eina eða fleiri bifreiðar.**
- **Takmarkanir á lækkun matsverðs:** Kostnaður við viðgerðir, kaup á varahlutum, hjólbörðum og váttryggingum, telst ekki til rekstrarkostnaðar sem nýta má til lækkunar hlunnindamatsverðs.
- **Ný vélknúin ökutæki:** T.d. hjólhýsi og fellihýsi, auk sambærilegra tækja, sem voru áður talin til fasteigna skv. skattmati.



Ýmislegt annað


- **Fasteignir erlendis:** Nýjar reglur um hvernig skuli hlunnindareikna árleg hlunnindi gjaldanda vegna afnota af fasteigna utan landssteinanna.
- **Aðrar tegundir húsnæða:** Mælt fyrir að húsnæðishlunnindi nái líka til hesthúsa, frístundahúsnæðis, jarða og hlunnindum jarða.
- **Ekki öll hreyfing líkamsrækt:** Að endingu skal nefnt að aðgangseyrir í baðstaði telst ekki til kostnaðar sem nýta má á móti greiðslum vegna íþróttaiðkunar eða líkamsræktar „*enda er ekki um að ræða líkamsrækt í formi hreyfingar.*“

2 | Af ýmsu í skattfræmking



Aðeins um fjórðungur skattbreytinga frá 2008 hafa verið lækkanir

Skattbreytingar frá 2008-2021



Heimild: Viðskiptaráð Íslands

344 breytingar frá árinu 2008

Það gera 25 breytingar á hverju einasta ári samkvæmt samantekt VÍ frá byrjun árs 2021.

Of oft lítill fyrirvari

Breytingar á gistináttaskatti „koma fram með litlum sem engum fyrirvara og munu því lenda að fullu á ferðþjónustufyrirtækjunum sjálfum“ samkvæmt umsögn SAF.

Án rökstuðnings

Breytingar á skattmati RSK fólu í sér ýmis nýmæli, m.a. um skattlagningu bifreiðahlunninda sem YSKN taldi í nýlegum úrskurði að gæti „leitt til ótækrar niðurstöðu í ýmsum tilvikum“.

Þá skortir uppá gagnsæi, málsmeðferð oft tímafrek og of fáir tvísköttunarsamningar skapa óhagræði



Skortir á gagnsæi í birtingu álita og úrskurða


- RSK falið að meta hvort bindandi álit hafi almenna þýðingu og þurfi því að birta og það sama gildir með úrskurði YSKN, þ.e. nefndin metur sjálft hvort þeir hafi fordæmisgildi.
- Aðeins rúmlega helmingur bindandi álita birt á árunum 2007-2019 en lægst fór hlutfallið í 16% árið 2019 (4 af 25 álitum) og hlutfall birtra úrskurða YSKN árin 2021 og 2020 var 44% skv. nýjustu ársskýrslu nefndarinnar frá árinu 2021.

Málsmeðferð oft tímafrek

- Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er samkvæmt stjórnsýslulögum og eigi síðar en innan sex mánaða í tilviki úrskurða YSKN en innan þriggja mánaða í tilviki bindandi álita.
- Alltof mörg dæmi um að úrskurðir og álit liggi fyrir nokkrum mánuðum eftir að frestir eru liðnir og að ýmsar skráningar, t.a.m. á VSK-skrá taki fjölmargar vikur og jafnvel mánuði. Sama gildir um rannsóknir sem geta spannað mörg ár.

Tvísköttunarsamninga vantar

- Markmið slíkra samninga er að koma í veg fyrir slíka tvísköttun á tekjur og eignir sem er bæði sanngirnismál fyrir einstaklinga sem og fyrirtæki en þeir einfalda jafnframt ýmsa ferla og hvort tveggja liðkar fyrir fjárfestingu.
- M.v. samantekt Viðskiptaráðs frá árinu 2021 var Ísland með 45 slíka samninga sbr. meðaltal OECD ríkja uppá 77 samninga og milli 30-40 fleiri slíka samninga hjá hinum Norðurlöndunum.



01

Úrskurður YSKN nr. 42/2022: YSKN snýr við úrskurði RSK sem hafði íþyngjandi áhrif í för með sér fyrir skattaðila, en nefndin taldi úrskurð RSK ekki samrýmast lögum frá árinu 1998. Skömmu síðar var gerð lagabreyting til að eyða þeirri „óvissu“ sem úrskurður YSKN skapaði.




02

Úrskurður YSKN nr. 173/2023: YSKN slær því föstu að sambærilegar ákvarðanir RSK frá 2008 og 2010 sem fólu í sér ívilnandi niðurstöðu fyrir skattaðila hafi verið órökstuddar og farið gegn réttri skýringu laga – verður skellt í lagabreytingu til að eyða þessari óvissu?



03

Úrskurðir YSKN nr. 92/2021, nr. 71/2022 og nr. 39/2023: RSK og YSKN túlka 36 ára gömul lög um VSK og reglugerðir þeim tengdum með þeim afleiðingum að þrengt er verulega að aðilum sem starfrækja netþjóna í gagnaverum.



Hvaða reglur gilda um „sáttameðferðir“ sem RSK býður sumum skattaðilum til að ljúka málum?



Er markmið skatteftirlits að tryggja réttmæti skattskila eða að ná settum markmiðum um fjárhæðir endurálagningar?



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte Legal ehf. er lögmannsstofa á Íslandi. Deloitte Legal vörumerkið vísar til lögmannsstofa aðildarfélaga DTTL og tengdra félaga þeirra sem veita lögmannsþjónustu og skatta- og lögfræðiráðgjöf. Eðli og umfang þeirra verkefna er breytilegt milli lögsagna, í samræmi við staðbundnar reglur. Deloitte Legal aðildarfélögin eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar sem geta ekki skuldbundið hvern annan gagnvart þriðja aðila. Hvert Deloitte Legal aðildarfélag er því eingöngu ábyrgt fyrir eigin athöfnum en ekki annarra Deloitte Legal aðildarfélaga. Vegna ólíkra staðbundinna reglna þá veita ekki öll aðildarfélag Deloitte lögfræðiráðgjöf.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félög, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2024 Deloitte Legal ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte Legal ehf.